



33. Jón Pálsson skipaður til þess að taka sæti í stjórn gjafasjóðs Jóns Þorkellssonar Skálholtsrektors (Thorchillisjóðs). Skipunarbréf Dóms- og Kirkjumálaráðuneytisins dagsett 27. ágúst 1927. Ennfremur bréf Dóms og Kirkjumálaráðuneytisins um breytingu á stjórn sjóðsins og afrit af tilskipun um breytingu á ákvæðum tilskipunar 27. ágúst 1927 varðandi stjórn hans.

Reykjavík, 27. ágúst 1927.

Hjermeð eruð þjer, herra bankagjaldkeri, skipaður
til þess ásamt fyrv. ráðherra Klemens Jónssyni og skrifstofu-
stjóra Guðm. Sveinbjörnsson, að taka sæti í stjórn gjafasjóðs
Jóns Þorkelssonar Skálholtsrektors (Thorchilliisjóðs).



Til

herra bankagjaldkera Jóns Pálssonar.


DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ.

Reykjavík, 19. júní 1928.

Hjermeð sendir ráðuneytið yður, herra banka-
gjaldkeri, endurrit af tilskipun 11. f.m., um breyting
á tilskipun 27. ágúst f.á. um stjórn Thorkillii-sjóðsins.

F. h. r.

E.u.



Til

bankagjaldkera herra Jóns Pálssonar.

T i l s k i p u n

um

um breytingu á ákvæðum tilskipunar 27. ágúst 1927,
um stjórn gjafasjóðs Jóns Þorkelssonar Skálholtsrektors
(Thorkillii-sjóðs).

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands
og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Eljesvík, Holtsetalandi,
Stórmari, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt 6 gr. laga nr. 17 frá 3. október 1903,
um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands, skipum vjer svo
fyrir sem nú segir, um breyting ákvæða tilskipunar 27. ágúst
1927, um stjórn Thorkillii-sjóðsins.

Gjafasjóði Jóns Þorkelssonar Skálholtsrektors (Thor-
killii-sjóði) skal undir yfirumsjón dóms- og kirkjumála -
ráðherrans stjórnað af þriggja manna nefnd. Í stjórnarnefnd-
inni eigi sæti skrifstofustjórinn í dóms- og kirkjumálaráðu-
neytinu, fræðslumálastjóri og forstöðumaður kennaraskólans.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 11. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L.S.)

Jónas Jónsson.
